

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/579
komudagur 9.12.2009

9.12.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna hefur borist beiðni um umsögn eftirfarandi mála:

239.mál

256.mál og

257.mál.

Þar sem beiðni um umsögn barst ekki fyrr en sama dag og skila átti umsögnum verður hér aðeins dregið á tveimur málum .

Þingskjal 292 256. Mál

25. grein.

Félag skipstjórnarmanna mótmælir harðlega niðurfellingu sjómannaafsláttar, ekki síst með tilliti til að svo virðist sem stjórnvöld leggi mest traust á að sjávarútvegurinn verði sú atvinnugrein sem leikur aðalhlutverk í því að koma þjóðinni út úr þeirri kreppu sem nú ríkir.

Samkvæmt tölum frá ríkisskattstjóra voru skattfríar greiðslur til annarra en sjómanna á síðasta ári 7,8 milljarðar þ.e. sjöfaldur sjómannaafsláttur.

Í greinargerð með frumvarpinu er afnám sjómannaafsláttar réttlættur með góðri afkomu greinarinnar á grundvelli gengis krónunnar. Ekki er hinsvegar litið til þess að öll árin sem gengisskráning var í hæstu hæðum voru kjör sjómanna léleg, öfugt við það sem nú er. Auk þess sem gera verður ráð fyrir að gengi krónunnar verði í framtíðinni með öðrum hætti en nú er.

14. grein.

FFSÍ og Fs mótmæla því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sjómenn búa oft við þau skilyrði að vegna aðstæðna eru þeir eina fyrirvinna heimilis og því afar ósanngjarnt að tekjur skiptist ekki jafnt milli hjóna/samsköttunaraðila, þar sem mótaðili er bundin heima við bú og barnagæslu og hefur enga möguleyka á tekjuöflun utan heimilis.

Kveðja

Guðjón Ármann Einarsson

Framkvæmdastjóri

gae@skipstjorn.is

5201280 - beint 5201282

gsm 8976426

FFSÍ



**Félag
skipstjórnarmanna**